

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 17. september 2013 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-30/2013:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 25. mars sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á ísskáp, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi afhendi sér nýjan ísskáp.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 27. mars sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 26. apríl. Með bréfi, dags. 30. apríl, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær hinn 27. maí. Með bréfi, dags. 30. maí, var seljanda gefinn kostur á að koma að frekari andsvörum og frest til þess til 13. júní. Engin frekari gögn bárust nefndinni.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni kemur fram að hinn 5. september 2008 keypti álitsbeiðandi ísskáp af seljanda fyrir kr. 168.595. Segir álitsbeiðandi að undanfarið hafi kæligeta ísskápsins verið ófullnægjandi og samkvæmt ábendingu frá verslunarstjóra seljanda hafi álitsbeiðandi því farið með ísskápinn í skoðun hjá nafngreindu fyrirtæki. Starfsmenn þess fyrirtækis hafi metið ísskápinn ónýtan og tjáð álitsbeiðanda að líklega mætti rekja ástand skápsins til ófullnægjandi frágangs á tengingum milli ál- og koparlagna í kælikerfinu. Segir álitsbeiðandi að eftir að þetta lá fyrir, hafi hann að nýju haft samband við verslunarstjóra seljanda og farið fram á að sér yrði útvegaður nýjar samskonar skápur, sér að kostnaðarlausu. Þessu hafi seljandi hafnað og þess í stað boðið honum svipaðan ísskáp á afslætti. Það sætti álitsbeiðandi sig hins vegar ekki við og leitaði í kjölfarið eftir áliti kæruneftndarinnar.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda tekur seljandi fram að hann selji heimilistæki með tveggja ára ábyrgð og af því leiðir að kvörtunarfrestur vegna galla sé tvö ár frá og með söludegi. Þar sem umræddur ísskápur hafi verið tæplega fimm ára þegar bilun komi fram í honum og ekki hafi verið sýnt fram á að umrædd bilun hafi verið til staðar í skápnum innan ábyrgðartímans telur seljandi sig ekki bótaskyldan. Þá bendir seljandi á nýlegan héraðsdóm þar sem fram komi að tveggja ára kvörtunarfrestur sé hin almenna regla bæði samkvæmt lögum um lausafjárkaup og lögum um neytendakaup. Í ákveðnum undantekningartilvikum sé þó unnt að lengja frestinn upp í fimm ár, enda séu sérstakar ástæður þar að baki. Í andsvörum er að lokum að finna tilboð til álitsbeiðanda um nýjan ísskáp.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda kemur m.a. fram að álitsbeiðandi getur ekki fellt sig við þann skilning sem seljandi leggur í lög um neytendakaup og fresti í

þeim lögum til að bera fyrir sig galla. Þá gerir álitsbeiðandi athugasemdir við þann skilning sem seljandi leggur í umræddan héraðsdóm og telur dóminn ekki geta verið fordæmisgefandi í málinu. Að lokum vísar álitsbeiðandi í 29. gr. og 30. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup, en þar kemur fram að neytandi geti, sé söluhlutur haldinn galla, krafið seljanda um úrbætur eða nýja afhendingu og að úrbætur eða ný afhending skuli fara fram án verulegs óhagræðis fyrir neytanda og innan hæfilegs tíma.

VI

Niðurstaða kæruneftdarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið neftdarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Álitsbeiðandi keypti ísskápinn 5. september 2008 og virðist hafa kvartað undan gallanum 11. mars sl. Í kjölfarið var farið með ísskápinn á verkstæði sem seljandi mælti með. Þar var ísskápurn metinn ónýtur og taldi fyrirtækið að ástand skápsins mætti rekja til ófullnægjandi frágangs framleiðanda á tengingum í skápnum. Skápurinn var því um 4 ára og 6 mánaða þegar hann var metinn ónýtur.

Í 27. gr. neytendakaupalaganna, nr. 48/2003, segir m.a. eftirfarandi:

„Ef söluhlutur er gallaður ber neytanda að tilkynna seljanda um að hann muni bera gallann fyrir sig án ástæðulauss dráttar frá því að hann varð galla var eða mátti verða hans var. Frestur neytanda til að leggja fram kvörtun er aldrei styttri en tveir mánuðir frá því að hann var galla var.

Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla í fimm ár frá því að hlutum var veitt viðtaka ...“

Í skýringum við 27. gr. frumvarpsins sem varð að lögum nr. 48/2003 segir m.a.:

„Mat á því hversu langur endingartími söluhlut er ætlaður er unnt að byggja á því mati sem fram fer skv. b-lið 2. mgr. 15. gr. frumvarpsins. Því þarf m.a. að líta til þess hvers neytandi mátti vænta við kaup á slíkum hlut. Framleiðendur söluhluta hafa ólík markmið við framleiðslu hluta hvað varðar endingartíma þeirra. Endurspeglast þetta m.a. í verði og markaðssetningu hlutanna. Ef vafi er um það hversu langan endingartíma hlut er ætlað að hafa er rétt að vafinn falli fimm ára reglunni í hag. Með endingartíma söluhlutar er átt við það hvað hlutum er ætlað að virka lengi á viðunandi hátt. Til dæmis fellur það að hlutur verði úreltur vegna tækniframfara ekki undir ákvæðið. Áætlaður endingartími söluhlutar er byggður á venjulegri notkun.“

Eitt af skilyrðum þess að neytandi geti borið fyrir sig galla á söluhlut við seljanda er að hann kvarti innan þeirra fresta sem ákveðnir eru í 27. gr. neytendakaupalaganna sem lýst er hér að framan. Neytanda ber að kvarta án ástæðulauss dráttar og innan tveggja ára frá afhendingu söluhlutar. Sé hins vegar söluhlut eða hlutum hans ætlaður lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er fresturinn fimm ár. Rétt er að taka fram að samkvæmt 1. mgr. 3. gr. neytendakaupalaga er óheimilt að semja um eða bera fyrir sig kjör sem eru neytanda óhagstæðari en leiða myndi af lögnum.

Eðlilegur endingartími ísskápa getur vissulega verið mismunandi eftir tegundum. Þótt ekki sé hægt að slá því föstu í eitt skipti fyrir öll hver sé eðlilegur endingartími ísskápa er það álit kæruneftdarinnar að kaupandi megi búast við því að ísskápurn þeirrar gerðar sem hér um

ræðir endist lengur án bilana en í fjögur og hálf ár og sé kvörtunarfrestur því 5 ár í því tilviki sem hér um ræðir. Kvörtun álitsbeiðanda kom fram innan þess tíma.

Í 15. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup er kveðið á um það hvaða eiginleika söluhlutur eigi að hafa og segir þar í b-lið 2. mgr. að hann eigi að „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað.“ Sé svo ekki telst söluhlutur vera gallaður, sbr. ákvæði a-liðar 1. mgr. 16. gr. sömu laga. Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ eins og segir í 1. mgr. 26. gr. laganna.

Fram er komið að fyrirtæki það sem skoðaði ísskápinn og mat hann ónýtan, rakti ástand ísskápsins til galla í framleiðslu. Kærunefndin álitur einnig að þegar tekið er tillit til þess að ísskápurinn var ekki nema fjögurra og hálf árs þegar bilun kom fram í honum verði að telja hana galla í skilningi framangreindra lagaákvæða enda ekkert komið fram um að álitsbeiðandi eigi sök á biluninni.

Hvað varðar andsvör seljanda vill kærunefndin taka fram að kvörtunarfrestur vegna galla og ábyrgð eru ekki samkynja. Seljanda er frjálst að kveða á um hvers kyns ábyrgðir á vörum sem hann selur, svo fremi sem sú ábyrgð felur ekki í sér minni réttindi en leiðir af lögum um neytendakaup, en sem fyrr segir er óheimilt að bera fyrir sig kjör sem eru neytanda óhagstæðari en myndi leiða af lögnum. Þannig er seljanda frjálst að veita einhverskonar hlutlæga ábyrgð á söluhlut eða vissum eiginleikum hans í ákveðinn árafjölda, enda veiti hann neytanda með því meiri rétt, eða jafnan og leiðir af lögum. Þannig geta ábyrgðarfyrirvarar seljanda ekki haft nein áhrif á tímafresti heimildar neytanda til að bera fyrir sig galla á söluhlut skv. lögum nr. 48/2003 um neytendakaup. Á þetta við hvort heldur fyrir er að fara söluhlut sem heimilt er að kvarta undan galla í tvö ár, eða hvort um er að ræða söluhlut sem heimilt er að kvarta undan galla í lengri tíma og þá í allt að fimm ár samkvæmt lögnum, ræðst eðlilega af mati hverju sinni og við það mat er m.a. litið til þeirra viðmiðanna sem finna má í skýringum við 27. gr. frumvarpsins sem varð að lögum nr. 48/2003, sbr. hér að ofan.

Hvað varðar tilvísun seljanda til nýlegs héraðsdóms og þær tulkunarir sem vísað er í úr þeim dómi á inntaki og skýringum við 2. másl. 2. mgr. 27. gr., þ.e. fimm ára kvörtunarfrests neytanda, vill kærunefndin benda á að þær vangaveltur um inntak fimm ára reglunnar sem finna má í dómnum eru eingöngu vangaveltur og málsástæður lögmanns seljanda í málinu. Í dómnum er engin afstaða tekinn til þessara vangaveltna, enda réðist niðurstaða í málinu á sönnun á galla, en ekki tímafresti til að bera fyrir sig galla. Eru því tilvísanir til téðs héraðsdóms við túlkun á áðurnefndri fimm ára reglu marklausar.

Í 26. gr. neytendakaupalaga er kveðið á um úrræði neytanda vegna galla. Segir þar m.a. eftirfarandi í 1. mgr.:

„Ef söluhlutur reynist gallaður og gallinn er hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða getur neytandi:

- a. haldið eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr.;
- b. valið milli úrbóta eða nýrrar afhendingar samkvæmt ákvæðum 29. og 30. gr
- c. krafist afsláttar samkvæmt ákvæðum 31. gr.;
- d. krafist riftunar samkvæmt ákvæðum 32. gr.;
- e. krafist skaðabóta samkvæmt ákvæðum 33. gr.“

Álitsbeiðandi í máli þessu hefur krafist þess að seljandi afhendi sér nýjan, sambærilegan ísskáp, þ.e. að fram fari ný afhending skv. ákvæðum 29. og 30. gr. laganna. Það er álit kærunefndarinnar samkvæmt öllu framansögðu að seljanda beri að verða við þeirri kröfu álitsbeiðanda og það samkvæmt áðurnefndum ákvæðum, þ.e. innan hæfilegs tíma og án kostnaðar fyrir álitsbeiðanda.

VI

Álitsorð

Seljandi, Y, afhendi álitsbeiðanda, X, nýjan ísskáp sambærilegan eða samskonar þeim sem álitsbeiðandi keypti af seljanda hinn 5. september 2008.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir